

# CQ TF



17. ÁRGANGUR

1. TÖLUBL. 1982

JÚNÍ

## ERT ÞÚ QRV Á 160 METRUM?

Ef ekki, þá er rétti tíminn að bæta úr því núna, í tæka tíð fyrir fjórðu TF útileikana um verzlunarmannahelgina nú í sumar. 160 metra bandið gefur nýja og lítt kannaða möguleika til sambanda um langar vegalengdir innanlands. Útileikarnir eru kjörið tækifæri til að kanna útbreiðsluna milli staða, sem radióamatörar heimsækja ekki á hverjum degi. Hin langa bylgjulengd gerir það að verkum, að jarðbylgjan dregur lengra en á nokkru öðru amatörbandi. Möguleikar á áreiðanlegu sambandi eru fyrir hendi þar sem önnur bönd kunna að vera ónothæf. Áhugavert væri t.d. með hliðsjón af suðurlandsskjálftanum, að athuga hve langt jarðbylgjan dregur frá Reykjavík og um suðurland.. Hvernig væri að þú legðir þitt af mörkum með þátttöku í útileikunum?

Á sl. hausti vissu menn, að til staði að amatörar fengju 160 metrana, en ekki hvenær hin fornilega tilkynning yrði birt. Það var ekki fyrr en farið var að glugga í nýbirt Stjórnartíðindi, að menn uppgötvuðu, að samgönguráðherra hafði undirritað eftirfarandi reglur þar um einum mánuði áður:

Tíðni slöðvanna, úlgeislun og afl eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Nóliðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi
1830-1850 kHz		A1, A3	A1, A3	A1, A3
		A1, F1	A3A, A3H, A3J, F1F3	A3A, A3H, A3J, F1F3

Útsendingar í þessu tíðnisviði skulu fyrst um sinn vera í fornu tilraunasendinga og má rakstraumsafl inn á útgangsstig ekki fara fram úr 50 W.

Hvaða tæki og hvaða loftnet er spurning, sem allir velta fyrir sér, hvort sem menn nota bandið nú þegar, eða ráðgera það á næstunni. Sum heimilis-tæki (þau sem kallast transceiverar) hafa bandið nú þegar og er vandinn þá ekki mikill, nema ef til vill sá að fá afl út úr tækinu á löglegu inn-gangsafl. Þurft getur að breyta forspennu á útgangsstiginu til að nýtnin sé ofan við núllið. Þetta er allt í lagi á CW, en getur komið niður á mótun og bandbreidd á SSB. Ýmsir freistandi sníðamöguleikar eru fyrir hendi og hafa birzt góðar hugmyndir í blöðum t.d. Practical Wireless auk þess, sem borið hefur á góma í viðræðum amatöra á meðal. Viðráðanleikinn atti að vera góður sökum lágrar tíðni.

Við fastastöðvar hlýtur loftnetið í flestum tilvikum að vera einhverskonar langur vír. Jarðbylgjan er lóðrétt póluð og gagnstætt útbreidd-um misskilningi geislar hún mest út til endanna á vírnum. Það stafar af nálægt loftnetsins við jörð. Lárétt pólaða bylgjan geislar hinsvegar til hliðanna, en hún er betur fallin sem háloftabylgja. Nokkur góð ráð er að finna í grein TF3DX inni í blaðinu.

## Í MINNINGU DÍSU

"Dísa biður að heilsa". Hversu oft hefur ekki þessi kveðja borist mér, heim í stofu, upp til fjalla og út í lönd, QSP via TF5TP. Og nú er síðasta kveðjan komin, enn á öldum Ijósvakans, en í þetta sinn um TFU á 209 kHz: "Hjördís Stefánsdóttir er látin".

Dísa var einskona fóstura okkar amatöranna af minni kynslóð. Hún fylgdist af áhuga með hverjum græningja, sem birtist á 3505 kHz og varð vinur okkar. Ég hygg að 80 m hópurinn hafi alla tíð haft sömu sögu að segja.

Nábýlið við amatörmennskuna og þann heim, sem hún opnar virtist vera Dísu sjálfsagður hlutur. Þegar ég kom fyrst í sjakkinn hjá Tóta, fyrir tæpum tuttugu árum, dáðist ég mikið að mannhæðar háu 19 tommu rakki hlöðnu heimasmiðuðum tækjum, innan um ýmis önnur tól og búnað. En ekki varð aðdáun mín minni á Dísu, þegar í Ljós kom, að þá var þetta allt í svefnherbergi þeirra hjóna. Það þarf meira en venjulegan skammt af skilningi og elsku til að tipla yfir háspennugjafa og smeygja sér milli fæðilína á leið í rúmið, og sofna svo við tifið í miðnætur DX.

Þeir eru orðnir ófáir kaffibollarnir, kleinurnar og annað meðlæti, sem ég og samferðamenn mínir höfum þegið hjá Dísu í höfuðstað norðurlands. Einu sinni varð eg veðurtepptur á Akureyri um páskaleytið, og þá var mér búin stórveisla. Sömu sögu hafa aðrir amatörar að segja þeir og þeirra skyldulið áttu alltaf vísa rómaða gestrisni Dísu, yrði því með nokkru móti við komið.

Þeir félagar okkar TF5TP og TF3ST hafa misst mikið, og í lítið samfélag íslenskra radióamatöra hefur verið höggvið skarð, sem enginn fyllir.

TF3DX



CQ TF er félagsblað og fréttabréf Í.R.A.

Útg.: Íslenskir radióamatörar,

- Aðsetur: Dugguvogur 1b, 104 Rvk.

- Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Kristján Benediktsson, TF3KB

CQ TF er að þessu sinni helgað 150 metrunum að verulegu leyti. Sökum plássleysis í blaðinu hefur orðið að sleppa ýmsu efni, sem askilegt hefði verið að hafa með. Stendur það vonandi til bóta í næsta blaði. Þeir sem vilja koma efni á framfæri eru beðnir að gera það sem allra fyrst.

Barmmerki félagsins úr silfri, sem sýnt var á sl aðalfundi er nú tilbúið. Þeir sem skrifuðu sig á lista eru beðnir að hafa samband við einhvern stjórnarmanna inni í Í.R.A. "Það er mál manna, sem hafa kynnt sér barmmerki erlendra félaga, að þetta merki sé það allra fallegasta, sem þeir hafi séð. Bílrúðumerkið er einnig fánlegt.

Stjórn Í.R.A., sem kosin var á sl. aðalfundi er þannig skipuð:

TF3KB formaður, TF3AC varaformaður, TF3JB ritari, TF3DC gjaldkeri, TF3LJ meðstjórnandi. Varamenn: TF3MXN varagjaldkeri, TF3YH meðstj.

## 160 METRARNIR PRÓFAÐIR MEÐ TILBRIGÐUM Í DÚRR OG MOD.

Það var bara svona, 160 m leyfið komið og búið að gilda í mánuð án þess að stjórnsýslan sæi ástæðu til að tilkynna amatörum það sérstaklega, enda lesendur Stjórnartíðinda líklega mest þurfsandi fyrir þessar upplýsingar.

Fyrr um haustið hafði ég hengt rofa í ferðasendinn, sem bætti 470 pF þétti við tankrásina. Mig vantaði því ekkert nema kristal til að geta farið í loftið. Ætti ég að reyna? Engan fann ég kristalinn, sem féll innan 1830-1850 kHz en það er glugginn okkar. Síðar um kvöldið dró ég fram gamlan nóra-VFO fyrir 80 m. Ég hlóð í hann þéttum þar til hann sligaðist niður á 160 m og tengdi við gamla kassann: AF118 xtal osc./AUY10 PA/OC 74 mod. Auðvitað gat það nú ekki gengið, merkið frá VFO-inum var of veikt. En loftnetstjúner maður, ekki á sinn venjulega stað, heldur milli VFO og AF118. Jú, aðlögunin sem þannig fékkst dugði til að gefa nægan kný. Þá vantaði bara viðtækið Láta KOYO draslið úr eldhúsinu duga, stillt á bátabylgju, 1840 kHz (tölrænn tíðnimælir var við hendina) og komið svo fyrir að hæfilegur leki fékkst frá VFO-inum í stað BFO. Ég var að bauka við þetta úti á vinnustofu, en þar hef ég T-loftnet hengt milli húsa, með bárujárnið á skúrþökunum sem mótvægi. Þetta er í resónans nálægt 3 MHz, en gamli samsíða tankurinn for létt með þetta á 1,8 MHz, eins og reyndar allt á bilinu 4 - 4000 ohm.

QRV með tilbrigðum á 160 m, a.m.k. fyrir innanbæjar samband.

En það var bara enginn á bandinu. Ég vissi, að Yngvi hafði búið sig undir 160 m, m.a. með tilskornu loftneti. Líklega væri hann enn að bíða eftir leyfinu, sem var löngu komið. Ég hringdi og bingó, QSO á 160 m 24. nóv. 1981 kl. 2218 CW og AM mótun með smávegis dúrr, enda VFO kassinn upp á gátt og óskermaðar leiðslur þvers og kruss.

Næstu daga fóru fleiri í loftið, m.a. TF3OF og TF3JB. Gott samband náðist milli TF3YH og TF5GW, og nú er Yngvi búinn að hafa Brasilíu á 160 m.

Föstudagskvöldið næsta ákvað ég að bæta 160 m líka inn á viðtækið í ferðastöðinni. Ég byrjaði seint og þegar ég var búinn um kl. 02 var töluvert líf á bandinu, einkum bretar. Ég kallaði aðeins, án árangurs, og færði mig svo inn í hús, þar sem ég gat notað Zeppelin loftnet. Lárétti hlutinn er sniðinn fyrir 3525 kHz, og opna fæðilínan úr endanum er 8 m löng niður að glugga. Nú tengdi eg kalda endann (og sendiskassann) í nálægt heitavatnsrör til að örva samháttastraum (sumir kalla loftnetsstraum) á fæðilínunni, lengdi þannig útgeislunar-hlutann með henni. Að öðru leyti var tengt eins og venjulega, þ.e. fæðilínan var um leið aðlögunarstubbur.

Sterkasta stöðin á bandinu var GI3OQR á N-Írlandi. Hann var reyndar að kalla CQ TEST, en ég lét mig samt hafa það að núlla inn á hann, enda átti ég tæpast von á að wöttin mín 2 næðu til hans. Ja hver fjárin, strax til, baka með 579 og "contest info" Ég varð að herða mig upp, ansa og útskýra hvernig í pottinn væri búið og hvers vegna ég átti bágt með að sitja á mér, með nýfengið 60 m leyfi. Hann varð hinn kátasti með TF á "Top Band" og fyrirgaf mér að vera stikkfrí keppninni. Ég skrifaði honum síðar og spurði m.a. um loftnetið hans, en þá var ég búinn að heyra oftár í honum, alltaf með besta merkið. Hann svaraði og sagðist nota "inverted vee" með miðjuna í 140 ft. hæð. Við þetta tengdi hann DRAKE TR7.

frh. á bls. 6

Fjórðu TF útileikarnir 1982: Stjórn ÍRA hefur þá ánægju, að kynna 4:ðu TF útileikana, sem haldnir verða um verzlunarmannahelgina 1982. Tilgangur útileikanna er að örva áhuga og hæfni íslenskra radió-amatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sam-bönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós. Skipulagning leikanna er með svipuðu sniði og í fyrra.

Reglurnar eru eftirfarandi:

1. Tími: Hverjum þátttakanda er heimil þátttaka á eftirfarandi

tímabilum: kl. 1500 - 1800 GMT laugardag 31. júlí 1982  
kl. 0800 - 1100 GMT sunnudag 1. ágúst 1982  
kl. 1800 - 2100 GMT sunnudag 1. ágúst 1982

2. Skilaboð: TF stöðvar skiptist á eftirfarandi upplýsingar:

RST - QSO númer - QTH - loftnet - inngangsafl í wöttum - ER eða RA. Dæmi: 569 001 Hengill LW 5W ER. ER þýðir að stöðin fái rafmagn sitt Ekki frá Rafveitukerfi. RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt frá RAFveitukerfi. Sé skipt við erlenda stöð, skal tekið á móti frá henni: RST - Nafn - QTH QSO númer er skráð í dagbók, en ekki sent, nema hin erlenda stöð sé einnig þátttakandi í útileikunum.

3. Fullgild QSO: Samband telst þá og því aðeins fullgilt, að:

- a) Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum réttum.
- b) Skilaboð séu rétt móttækin hjá báðum.
- c) Heyrst hafi R(= allt rétt móttækið) frá stöðinni, sem skipt er við, um að hún hafi náð öllu réttu.
- d) Ekki hafi verið haft samband við stöðina áður á viðkomandi bandi og þátttökutímabili.

4. Punktar: Aðeins eru reiknaðir punktar fyrir fullgild QSO þannig:

10/15/20m	40m	80m	160m	
8p	16p	16p	32p	fyrir ER stöðvar
4p	8p	8p	16p	fyrir RA stöðvar
2p	4p	4p	8p	fyrir stöðvar utan EU.
1p	2p	2p	4p	fyrir EU stöðvar.

Punktar reiknast fyrir QSO við sömu stöð á þeim böndum, sem dálkarnir að ofan sýna. Athugið að ekki er gerður greinarmunur á 10 - 15 - 20 m; þannig að einungis reiknast punktar fyrir QSO á einu þessara banda, ef um sömu stöð er að ræða. 40m, 80m og 160m eru hinsvegar aðskilin. Einnig er heimilt að hafa QSO við sömu stöð

á öllum þátttökutímabilum. Fyrir þetta reiknast punktar eins og um nýja stöð væri að ræða.

5. Tegundir útgeislunar: Allar tegundir útgeislunar, sem eru leyfilegar skv. leyfisbréfi eru jafngildar.

6. Margfaldarar: Þeir eru þrír: M1=fjöldi íslenzkra kallmerkja, sem haft var QSO við óháð bandi og tíma. M2=fjöldi íslenzkra kallsvæða, sem haft var samband við óháð bandi og tíma. M3=3 hjá ER stöðvum og M3=2 hjá RA. stöðvum og þátttakendum erlendis.

7. Lokaárangur: Lagðir eru saman punktar fyrir öll fullgild. QSO á öllum böndum (sbr. þó að 10-15-20m reiknast sem eitt band) og þátttökutímabilum. Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara sem er: M1 x M2 x M3.

8. Flokkar: Þátttaka er í 6 flokkum þannig:

Stöðvar innanlands:

I. 0 Wött = hlustarar.

II. 0-5 Wött inn.

III. 5-50 Wött inn.

IV. yfir 50 Wött inn.

Stöðvar erlendis:

V. EU stöðvar án tillits til afls.

VI. Stöðvar utan Evrópu án tillits til afls.

9. Bönd: Öll amatörbönd leyfileg skv. leyfisbréfi.

10. Hlustarar: Þeim reiknast punktar á grundvelli fullgildra sambanda þátttakenda í útileikunum, sem þeir heyra og skrá. Punktar fyrir heyrð sambönd eru meðaltal punktafjölda þeirra stöðva sem eru í sambandi sbr. punktatófluna í 4. lið. Að öðru leyti gilda um hlustara sömu reglur og aðra.

11. Dagbók: Afriti af dagbók skal skila til keppnisstjóra ÍRA, TF3CW fyrir 15. sept. 1982. Þar skal skráð: kallmerki, tími, dags. band, punktar, margfaldarar og skilaboð bæði send og móttekin. Nota skal sér blað fyrir hvert band. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

12. Vafaatriði: Rísi einhver vafaatriði um túlkun þessara reglna hefur stjórn ÍRA eða þeir, sem hún tilnefnir endanlegt úrskurðarvald.

P.S. Munið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu.

frh. af bls. 3.

Ætli þetta hafi verið fyrsti 160 m DX frá Íslandi, 28. nóv. kl. 0248? Sennilega hefur einhver QRO stöð verið búin að hafa samband þó ég hafi ekki heyrt af því.

Í þessu samhengi rifjast upp fyrir mér, að ég þykist hafa heyrt ávæning af því einhverntíma, að heyrst hafi í TF stöð með óþekkt kallmerki í DX á 160 m fyrir 10 - 15 árum. Hún hafi gefið upp QTH í Kópavogi, að mig minnir, og kvenmannsnafn. Man einhver eftir þessu, eða ætli mig hafi dreymt þetta?

Ég hef löngum haldið því fram, að Zeppelin væri ákjósanlegt loftnet fyrir 80 m. Auðvitað er þetta bara lárétt hálfbylgja, rétt eins og tvíþóll, en hefur þann kost að fæðilínan kemur í endann. og getur legið niður með húsinu. Miðjan. þar sem straumurinn er mestur, getur því verið ótrufluð sem fjærst húsinu án þess að fæðilína þurfi að dingla úr henni 20 - 30 m heim að húsi. Svo háttar til hjá flestum íslendingum, að bárujárni er á þakinu. Mér dettur því í hug, að lengja megi lausa enda fæðilínunnar að ofan og tengja í þakjárnið. Þá er komið kvart-bylgjunet fyrir 160 m með þakið sem mótvægi, þ.e. hálfur tyíþóll eða öllu heldur liggjandi GP. Jafnvel þótt fæðilínan hafi hátt bylgjuviðnám (um 600 ohm), yrði hún yfirleitt stutt miðað við bylgjulengd á 160 m, svo að viðnámið inni við stöð yrði að líkindum viðráðanlegt flestum sendum. Tengingin við þakið ætti engu að breyta fyrir 80 m, til frekari tryggingar væri rétt að nota balun niðri. Það er ætlunin að prófa þetta hér við hentugleika.

Jæja, þetta er orðið lengra mas en ég ætlaði. Það er svo sem í lagi (ekki víst að þið séuð sammála), ef það verður til að glæða áhugann á toppbandinu. Ég ætlaði líka að sýna fram á, að það er óþarfi að bíða eftir nýjum "transceiver" og loftnetsaðstöðu á við Rjúpnahæð til að komast í loftið á 160 m. Lengi má breyta og bæta og smíða eitthvað einfalt. Hvernig væri að dusta rykið af gömlu 80 m nýliðasendunum og sjá hvað hægt er að gera. Líklega þarf að lengja tankspóluna, en að öðru leyti ættu þeir að vinna vel á 160 m, Ég pantaði kristalla -á 1835 kHz og er aflögufær um nokkur stykki. Áhugasamir hafi samband. sem fyrst.

CU á 160 m, TF3DX

Félagsgjöld fyrir 1982  
fallin í gjalddaga.

Félagsmönnum er "bent á að "beina eru  
viðskiptum sínum til eftirtalinna aðila, sem  
styrktu útgáfu blaðs þessa fjárhagslega:




**TÍZKUPERZLUN**  
Laugavegi 37 og 89  
sími 12861 Reykjavík



ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ STRAUMSVÍK

DAGBLAÐIÐ OG VÍSIR, SÍÐUMÚLA 8,  
SÍMI 27022



CompuCorp®

**VECTOR**

**MICRO**TÖLVAN

# YAESU MUSEN



## FT707 SOLID-STATE HF TRANSCEIVER "WAYFARER"



The FT707 "The Wayfarer" is an ultra-compact solid-state transceiver ideally suited for the home station or as a travelling companion, providing performance previously proffered only by the "Top liners".

The FT707 is THE radio of the eighties: 80-10m, including 30, 17 and 12m—all factory installed—100W output (10W "S" model) 50% developed in 3:1 VSWR—Digital, bright LED's in mode sensitive counter plus analogue readout—Transceiver status at a glance from string LED and single displays—16 poles of crystal filtering provides continuously adjustable IF bandwidth 2-4kHz to 300Hz (N.B. This is true "variable bandwidth" that minimises much of the adjacent channel interference not "IF shift")—Noise blanker of most advanced design using local AGC loop—Schottky diode ring module, power transistor buffers, ultra clean, low noise local oscillator are combined to produce, size and price notwithstanding a most remarkable receiver.

The FV707DM is an external digital VFO that uses an advanced twin loop PLL to provide 10Hz tuning steps with excellent spectral purity. The addition of this 1" high package, with its 12 channels of memory with Receiver independent tune and internal/external (mic), up/down, fast/slow scanning, perfects the FT707 for mobile or contest use.

Illustrated below (L to R): The FP707 regulated power supply, the FT707 and the FC707 antenna coupler/switch/SWR meter on top of the FV707DM.

For further details of this exciting new system, please contact any authorised sales outlet for a free colour brochure. Better still, see it for yourself—try one out today!!!

### FT707

- 80-10 metres (including 10, 18 and 24MHz bands)
- USB—LSB—CWW—CWN—AM (Tx and Rx operation)
- All solid state—including "advanced" final amplifier
- 100W PEP, 50% power output at 3:1 VSWR
- Full "broad band" no tune output stage
- Excellent Rx, dynamic range, power transistor buffers
- Rx Schottky diode ring mixer module
- Local oscillator with ultra-low noise floor
- Variable IF bandwidth—16 crystal poles
- Bandwidths 6kHz\* 2-4kHz-300Hz (500-350Hz\* -300Hz\*)
- AGC: slow-fast switchable from the front panel
- VOX built-in and adjustable from the front panel
- Semi-break in with side tone for excellent CW
- Digital (100Hz) plus analogue frequency display
- LED Level meter reads: S, PO and ALC
- Convenient concentric AF/RF gain controls
- Indicators for: calibrator, fix, int/ext VFO
- Receiver offset tuning (RIT-clarifier) control
- Advanced noise blanker with local loop AGC
- 25kHz crystal calibrator feature
- Internal, xtal or external VFO control

### FV707DM

- 12 memory channels with RIT
- Twin PLL system with 10Hz steps
- Scanning: up/down, fast/slow from mic or unit

### FTV707 NEW! NEW! NEW!

- Matching transverter. Plug-in modules—6, 4, 2 or 70cm

\*Optional

EOE



WORKING FOR OUR COMMON INTERESTS—at Yaesu Musen communication equipment is not a sideline but the only business. Over 130 licensed amateurs proudly produce the most diverse product line available, SSB, CW, AM or FM for mobile, portable or base use.

*Hjodtækni* (Hjodtækni - Radio Supply)

Höngshiló 24, 105 Reykjavík, sími 91-22247